

Tillögur stýrihóps íbúapings Grundarfjarðarbæjar (nóv. 2013), um eftirfylgni

Hér fer á eftir listi þar skilaboð íbúapings eru útfærð í verkefnum. Fram koma skilaboð þingsins, staða, tillögur stýrihóps, ábyrgð og tími.

Verkefnin eru flokkuð eftir því hvort um skammtíma- eða langtímaverkefni er að ræða og hvort um samstarfsverkefni er að ræða. Einnig er lagt til að tvö mál verði skoðuð við endurskoðun aðalskipulags sem væntanlega hefst fyrir lok þessa árs eða byrjun næsta.

Verkefni hægt er að framkvæma innan árs og kosta kannski ekki mikið					
Málefni	Skilaboð	Staða	Tillögur	Ábyrgð	Tími
Tiltekt	Þarf að taka til fyrir neðan Netaverkstæði G.Run og e.t.v. á stærra svæði.	Grundarfjörður er frekar snyrtilegur bær, en á nokkrum stöðum þarf að taka til hendinni.	Tiltektardagur / Samfélagsdagur, þar sem allir geta mætt, Samstarf fyrirtækja, félagasamtaka, bæjarins og áhugasamra íbúa.	Skipulags- og byggingarfulltrúi og menningar- og markaðsfulltrúi.	Vor 2014.
Kaffihús	Kaffihús fyrir unga og aldna	Er til staðar í Bókasafni / Sögumiðstöð	Hvetja Félagsmiðstöðina Eden til að nýta möguleika f. kaffihúsakvöld, t.d. í Bókasafni eða e.t.v. Rúben (lokað kvöld)	Félagsmiðstöðin Eden / Menningar- og markaðsfulltrúi	Á starfstíma Eden
Rampur	Áhugi á að setja hann upp	Áætlað að ljúki í vor	Verði lokið sem fyrst	Skipulags- og byggingarfulltrúi	Vor 2014
Skemmtiferðaskip	Skoða markaðssetningu og nýtingu á að fá fólk til að vera í bænum... afla meiri tekna.	Hefur verið prófað að hafa móttökuhópa. Vantar forsvarsmann og stöðugleika. Metfjöldi skipa koma sumarið 2014.	Kanna hvort eitthvað er hægt að gera, innan skynsamlegra marka, m.t.t. kostnaðar og fyrirhafnar.	Menningar- og markaðsfulltrúi.	Kanna fyrir sumarið 2014.
Torfabót	Fá bekk þar og fyrir neðan Netaverkstæðið	Þyrftu að vera til fleiri bekkir hjá bænum. Hentar ekki að setja bekk við Netaverkstæðið, vinnusvæði.	Semja við starfsdeild FSN um að smíða bekk(i) úr endurnýttu efni.	Menningar- og markaðsfulltrúi í samstarfi við Áhaldahús	Vor 2014 ef það næst, annars smíðað næsta vetur.
Bókasafn	Ymis tækifæri sem tengjast tæknimálum og sögu	Möguleikar til staðar. Þarf e.t.v. að bæta tækjakost.	Kanna hvað þarf til að láta hugmyndir verða að veruleika	Bókasafnsvörður	Fyrir haust 2014, nema það sem ekki rúmast innan fjárhagsáætlunar, þá tekið til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2015.

Verkefni sem þarfnast undirbúnings og kosta meira, en hægt að byrja á að vega og meta / marka stefnu					
Málefni	Skilaboð	Staða	Tillögur	Abyrgð	Tími
Paimpolgarður	Flottur, lifandi og aðgengilegur garður!	Send var umsókn til Menningarráðs Vesturlands um forvinnu og hönnun. Búið að koma á samstarfi við umhverfisskipulagsbraut Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri + GrundPol + garðyrkjuskóla í Paimpol.	Næsta skref er hönnun garðsins og langtímaverkætlun.	Menningar- og markaðsfulltrúi, menningarnefnd, Skipulags- og umhverfisnefnd, skipulags- og byggingarfulltrúi	Vor 2014 hægt að taka ákvörðun um næstu skref, þegar svar við styrkumsókn liggur fyrir.
Steinatjörn	Endurheimtum Steinatjörn. M.a. hægt að skauta á veturna.	Tjörnin er að myndast aftur að einhverju leyti. Mun þurfa að taka afstöðu til aðgerða hvort eð er. Tengist líka umsókn til Menningarráðs Vesturlands vegna Paimpol garðs, sjá hér á undan.	Kanna hvort og hvernig er mögulegt að endurheimta tjörnina og hvað það myndi kosta.	Skipulags- og byggingarfulltrúi og skipulags- og umhverfisnefnd	Haust 2014, fyrir gerð fjárhagsáætlunar, þannig að bæjarstjórn geti markað stefnu um framhald.
Þríhyrningur	Endurnýja og gera kósý	Þarf að athuga stöðu á leiktækjum, m.t.t. öryggis og gæðamála.	Leiktæki verði endurbætt eða endurnýjuð eftir því sem þörf krefur. Merkja aðkomuna á svæðið.	Menningar- og markaðsfulltrúi	Sumar 2014: Merkja aðkomu og fara e.t.v. í minniháttar lagfæringar. Tillaga og kostnaðaráætlun v/leiktækja eigi síðar en haust 2014.
Sundlaug	Óskir um heilsársopnun og betri aðstöðu.	Gert ráð fyrir einhverjum endurbótum í fjárhagsáætlun þessa árs. Lengri opnun ekki möguleg nema með lækkun kyndingarkostnaðar.	Reyna að bæta aðstöðu, eitthvað á hverju ári.	Forstöðumaður íþróttahúss og sundlaugar í samstarfi við ráðsmann.	Vinna stöðugt að.
Skíðalyftan	Áhugi á að koma í notkun	Er í vinnslu hjá skíðadeild UMFG	Kanna stöðuna hjá UMFG og bjóða aðstoð	Menningar- og markaðsfulltrúi	Sumar 2014

Verkefni sem lagt er til að verði skoðuð við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2014					
Málefni	Skilaboð	Staða	Tillögur	Ábyrgð	Tími
Unglingastarf	Efla félagsstarf unglunga Reyna að tengja betur starf á milli - brúa bilið - grunn- og framhaldsskóla kaffihúsakvöld í samvinnu við Ungmennaráð Grfj. bæjar Umsjón með Ungmennaráði Grfj. bæjar Samstarf með Eden grunn og framhaldsskóli - féló þar að hluta til fyrir eldri? Félókvöld með 10. bekk - þá þau í 1. bekk í framhaldsskóla Nýta Sögumiðstöð í þetta einnig - kaffihúsakvöld, uppistand, ljóðalestur, klúbbastarf.	Fjölbreytt starf í Félagsmiðstöðinni Eden, en mætti auka félagsstarf eldri unglunga og tengja starf milli aldurshópa meira.	Auka starfshlutfall umsjónarmanns félagsmiðstöðvar og útvíkka viðfangsefni. Leggja áherslu á frumkvæði og virkni unglunganna sjálfra. Sögumiðstöð stendur til boða!	Bæjarstjórn marki stefnu um aukið starfshlutfall við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2015. Í framhaldi verði mótuð stefna um áherslur, með virkri þátttöku unglunga. Umsjón með henni verði í höndum umsjónarmanns félagsmiðstöðvar.	Haust 2014.
Skólahreysti	Setja upp Skólahreystibraut	Áhugi á Skólahreysti.	Kanna kostnað og meta hvort er mögulegt og á hve löngum tíma.	Skólastjóri Grunnskólans í samstarfi við ráðsmann og/eða skipulags- og byggingarfulltrúa.	Marka stefnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2015.

Verkefni sem geta orðið að veruleika með samstarfi Grundarfjarðarbæjar, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja					
Málefni	Skilaboð	Staða	Tillögur	Abyrgð	Tími
Íþróttahús	Gera íþróttahúsið betra og nýta betur, m.a. um helgar	Starfsemi í íþróttahúsi, önnur en á vegum Grunnskólans ræðst að miklu leyti af starfsemi UMFG.	Grundarfjarðarbær fundi með fulltrúum UMFG til að fara yfir stöðu og tækifæri.	Bæjarstjóri og menningar- og markaðsfulltrúi.	Vor 2014
Skíðalyftan	Áhugi á að koma í notkun	Er í vinnslu hjá skíðadeild UMFG	Kanna stöðuna hjá UMFG og bjóða aðstoð	Menningar- og markaðsfulltrúi	Sumar 2014
Tölvukennsla fyrir eldri borgara	Vantar tölvukennslu fyrir eldri borgara – mætti vera í samstarfi við Grunnskólann	Hefur verið gert og tilvalið að gera reglulega.	Kannað hjá Grunnskóla hvort er grundvöllur fyrir þessu.	Skólastjóri Grunnskólans	Vetur 2014 - 2015
Skólamál og tengsl við atvinnulíf	Efla samstarf á milli skólastiga sem og meiri tengingu út í atvinnulífið. Stuðla að meiri tengingu á milli FSN og atvinnulífsins.	Eitt af því sem er til skoðunar við gerð skólastefnu. FSN hefur reynt að vinna að. Spurning hver þurfa að vera næstu skref.	Í höndum skólanna og atvinnulífsins. Grundarfjarðarbær styðji ef þess er óskað.	Skólarnir og atvinnulífið.	
Samstarf kynslóða	Kom töluvert upp í umræðunni á þinginu.	Grundarfjarðarbær færði Félagi eldri borgara afmælisgjöf (peningagjöf) sem var ætluð í samstarf kynslóða. Allt sem gert er í þessu er mjög jákvætt.	Frumkvæðið sé hjá stofnunum og félögum.	Félag eldri borgara, skólar og Félagsmiðstöðin Eden.	Verkefni sem henta best á veturna. Helst stöðugt í gangi.
Verkefni sem lagt er til að skoða við endurskoðun aðalskipulags					
Málefni	Skilaboð	Staða	Tillögur	Abyrgð	Tími
Skipulagsmál útivistarsvæða	Skipulagsmál ýmissa svæða tengd útivist s.s. Grundarfoss, Kirkjufellsfoss, Grafarnesið og Krossinn !! Orðið mikið rask sum staðar og er ávísun á slys og fleira.	Vaxandi þörf með fjölgun ferðamanna.	Tekið inn í endurskoðun aðalskipulags.	Næsta bæjarstjórn.	Miðast við endurskoðun ASK sem væntanlega hefst seinni hluta 2014.
Heilsustígur	Koma upp Heilsustíg, eins og er í Hveragerði og á Hvolsvelli	Áhugi, en ekki augljóst hvar stígur / tæki ættu að vera.	Stígamál verða hluti af stefnumörkun í næsta aðalskipulagi.	Næsta bæjarstjórn	Miðast við endurskoðun ASK sem væntanlega hefst seinni hluta 2014.

Stýrihópur lýkur hér með störfum og vill þakka fyrir samstarfið og vonar að eftirfylgnin takist vel.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

Ragnar Smári Guðmundsson

Þorbjörg Guðmundsdóttir

Og Alda Hlín Karlsdóttir, menningar- og markaðsfulltrúi sem starfaði með hópnum.